


VÍÐIDALSÁ 1994

Tumi Tómasson

Hólum, Desember 1994

VMST/N-95003



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild
Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 95-36599
Fax: 95-36672

VÍÐIDALSÁ 1994

Inngangur

Dagana 5-10/7 1994 var gerð athugun á útbreiðslu, vexti og þrifum seiðastofna í Víðidalsá og Fitjá. Athuganirnar beinast einkum að laxaseiðum, jafnt þeim sem eru úr náttúruklaki í laxgengum hlutum árinna sem og afkomu seiða sem sleppt hefur verið á ólaxgeng svæði.

Rafveitt var á stöðum þar sem botngerð og straumlag bjóða upp á ákjósanleg búsvæði fyrir laxaseiði. Alls var rafveitt á 12 stöðum í Víðidalsá, þar af voru 7 á ólaxgengum svæðum, og 14 í Fitjá, þar af 5 á ólaxgengum svæðum. Í flestum tilfellum var um að ræða veiðar á stöðum sem veitt er á árlega, þannig að niðurstöðurnar ættu að vera nokkuð samanburðarhæfar við fyrri ár.

Veður var gott þann tíma sem rafveiðarnar stóðu yfir og aðstæður til veiðanna góðar.

Smáseiðum var sleppt á ólaxgeng svæði í Fitjá, Kambsá og Víðidalsá, alls 24500 seiðum, en fleiri seiði fengust ekki af heimastofnum.

Samantekt um ástand seiðastofna, veiðina 1994 og horfur fyrir 1995 fylgir skýrslunni.

Veiðin 1994

Veiðin 1994 var mjög slök og mun lakari en gert hafði verið ráð fyrir. Alls voru skráðir veiddir laxar 595 sem er minnsta veiði í Víðidalsá í meira en tuttugu ár. Veiðin skiptist þannig að 190 voru smálaxar og 405 stórlaxar.

Veiðin byrjaði vel og stórlaxinn var óvenju vænn. Meðalþyngd veiddra stórlaxa var 6.7 kg og hefur ekki orðið meiri síðustu tuttugu árin. Til samanburðar má geta þess að minnst varð meðalþyngd stórlaxa á þessu tímabili tæp 5.8 kg árið 1983.

Smálaxaveiðin var í mikilli mótsögn við stórlaxaveiðina, því smálaxinn var mjög smár. Meðalþyngd veiddra smálaxa var einungis 2.3 kg og hefur einungis einu sinni verið lægri síðustu tvo áratugina, en það var árið 1984 (2.2 kg). Árið 1980 varð meðalþyngd smálaxa einnig mjög lág, eða 2.4 kg. Hæst varð meðalþyngd smálaxa á þessu tímabili árin 1977 og 1986, 3.3 kg.

Í árum þegar smálaxinn er mjög smár bendir það yfirleitt til að tiltölulega hátt hlutfall árgangsins muni skila sér sem stórlax ári síðar. Gönguseiðaárgangarnir sem

gengu út köldu sumurin 1979 og 1983 skiluðu mjög smáum smálaxi ári síðar, en skiluðu hinsvegar 4-5 sinnum fleiri stórlöxum á næsta ári þar á eftir. Samkvæmt því má gera ráð fyrir að um 700-900 stórlaxar geti veiðst í Víðidalsá sumarið 1995, verði veiðiálag og aðstæður til veiða eðlilegar. Stórlaxinn yrði þó eitthvað smærri en hann var sumarið 1994, líklega um eða innan við 6.0 kg, sem er samt ekki slæmt. Hér er einungis verið að tala um meðalþyngdir og væntanlega verða margir laxar mun stærri, en 9-10 punda hrygnur gætu orðið nokkuð algeng sjón líka.

Það sem styrkir mjög líkur á góðum heimtum stórlaxa sumarið 1995 er hve vænn stórlaxinn var 1994, ekki einungis í Víðidalsá heldur einnig í öðrum ám á norðurlandi. Þetta bendir ótvírætt til að vaxtarskilyrði í sjó hafi batnað verulega milli ára og smæð smálaxa hafi fyrst og fremst verið vegna þess hve seint gönguseiði fóru til sjávar í kalda sumrinu 1993.

Sumarið 1993 var sleppt 2-3000 gönguseiðum í Víðidalsá. Seiði úr þessari sleppingu veiddust í rafveiðum seinna um sumarið og voru ekki í göngubúningi og illa á sig komin. Engin merktur lax skilaði sér úr sleppingunni. Ég tel að árangur sleppingarinnar hafi orðið óverulegur, bæði vegna þess hvernig að henni var staðið, sem og vegna lélegra gæða seiðanna.

Ástand seiðastofna á laxgengum svæðum

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og í Myndum 2 og 3. Þegar gerður er samanburður við niðurstöður fyrri ára ber að hafa í huga að þessu sinni var rafveitt heldur fyrr en oftast áður. Vorðið í ánum var líklega heldur seinna á ferðinni en í meðalári, en sumarið var hinsvegar óvenju gott og langt, sólfar mikið og hlýtt. Haustið var sömuleiðis gott. Því hefur vaxtartímabil seiðanna í ánum bæði verið óvenju langt og gott sumarið 1994, en tiltölulega lítil hluti sumarsins var liðinn þegar rafveitt var.

Víðidalsá

Í Víðidalsá var rafveitt á fimm stöðum á laxgenga svæðinu (staðir 5-10, Myndir 1 og 2). Vorgömul seiði fundust á þremur stöðum, en þau hafa ekki verið búin að dreifa sér um ána þegar rafveitt var.

Þéttleiki seiða virðist heldur hafa farið vaxandi, en er þó enn tiltölulega lágur. Seiði voru öll óvenju smá miðað við aldur sem er afleiðing undanfarandi kaldra sumra. Gera má ráð fyrir að seiði hafi dafnað vel í júlí og ágúst og ekki er ástæða til að ætla annað en að þau seiði sem voru 2+ sumarið 1994 nái göngusþroska sumarið 1995.

Meira bar nú á 3+ seiðum en á undanförunum árum. Þó hefur stór hluti þessa árgangs væntanlega gengið til sjávar 1994, ef undan eru skilin seiðin á fremsta kaflanum (staður 5) þar sem laxaseiði eru yfirleitt lengur að ná göngusþroska en neðar í ánni.

Í heildina má gera ráð fyrir að gönguseiðaframleiðsla á laxgengum svæðum Víðidalsár hafi orðið nokkuð góð sumarið 1994. Góð vaxtarskilyrði sumarið og haustið 1994 hafa forsendur fyrir áframhaldandi góðri gönguseiðaframleiðslu 1995.

Fitjá

Alls var rafveitt á níu stöðum á laxgenga hluta Fitjár (st 1-9, Mynd 1). Í gílinu fyrir neðan Bjarnarfoss og allt niður undir Fremri Fitja eru uppeldisskilyrði mjög góð, en nýliðun á þessu svæði hefur brugðist nær algjörlega á undanförunum árum og sumarið 1993 var sleppt þar 5500 seiðum. Í rafveiðunum voru þessi seiði uppistaðan í veiðinni á stöðum 1-3, þótt e.t.v. hafi einhver náttúruleg 2+ seiði verið þar innanum. Eldri seiði hafa öll gengið til sjávar 1994, en gönguseiðaframleiðsla þessa svæðis hefur orðið frekar rýr vegna seiðaskorts og verið langt undir eðlilegri framleiðslugetu svæðisins. Þau seiði sem veiddust þar nú munu að líkindum öll ganga til sjávar 1995 og þá verður svæðið aftur að mestu seiðatómt nema klak hafi komist upp sumarið 1994. Seiðaskortur úr eldisstöð olli því að ekki var sleppt seiðum sumarið 1994. Þarna er ástæða til að sleppa aftur vænum sumaröldum seiðum 1995. Með því mætti tryggja einhverja og jafnvel góða gönguseiðaframleiðslu á svæðinu þegar á árinu 1996, en það veltur þó mikið á tíðarfari og gæðum seiða hvernig til tekst. Seiðaslepping 1995 ætti a.m.k. að geta tryggt gönguseiðaframleiðslu á þessu svæði á árinu 1997.

Frá Fremri Fitjum og niður að ármótum bendir allt til að gönguseiðaframleiðsla 3+ og 4+ seiða hafi orðið góð sumarið 1994 og líkur eru til að hún geti haldist sæmilega góða sumarið 1995. Mikið bar á 1+ seiðum á þessu svæði í veiðunum 1994, en útbreiðsla 2+ seiða er köflótt og þéttleiki lágur. Það er því meiri óvissa um þróun gönguseiðaframleiðslunnar eftir 1995, en mikið veltur á hvernig klak-árgangurinn frá 1993 dafnar á næstu árum.

Ástand seiðastofna á ólaxgengum svæðum

Vatnakerfi Víðidalsár og Fitjár býður upp á stór og mjög góð uppeldissvæði ofan ólaxgengra fossa. Skortur á seiðum og oft frekar slæm gæði til sleppinga hefur valdið því að nýting þessara svæða hefur ekki alltaf verið eins góð og æskilegt hefði verið. Þó er ljóst að þessi svæði áttu verulega stóran þátt í gönguseiðaframleiðslunni í kalda sumrinu 1993 sem skilaði mun betri smálaxaveiði en köldu sumurinn 1979 og 1983 og sem ætla megir að skili góðri stórlaxaveiði sumarið 1995. Ólaxgengu svæðin eru því mjög mikilvæg til að jafna og tryggja góða laxveiði í Víðidalsá.

Víðidalsá

Sumarið 1992 var sleppt í lok ágúst 15000 seiðum mjög framarlega í Víðidalsá, frá Hesteyrum og fram að Sandfellskvísl. Seiðin voru fremur smá þegar þeim var sleppt og í rafveiðunum 1993 kom í ljós að tiltölulega lítil afföll virtust hafa orði, en að þau næðu vart göngubroska fyrr en 1995.

Í rafveiðunum 1994 var veitt á tveimur stöðum á þessu svæði (B og C, Mynd 2). Svo virðist sem hluti sleppingarinnar hafi farið út fyrir um sumarið. Á neðri staðnum fannst eitt seiði í göngubúning og tvö önnur voru björt á að líta. Seiðin voru mun rýrari á efri staðnum, en áin virðist almennt verða hrjóstrugri þegar kemur fram fyrir gangnamannakofann. Ég legg til að aftur verði sleppt seiðum frá Hesteyrum og fram að gangnamannakofanum sumarið 1995. Mikilvægt er að seiðin séu sem vænst til að tryggja sem best góðan árangur.

Á kaflann frá Öxná og fram fyrir Kjálkafoss var einnig sleppt 15000 seiðum 1992, en þessum seiðum var sleppt mánuði fyrir en seiðunum ofar og þau voru betur á sig komin. Þau seiði döfnuðu vel og hafa flest gengið til sjávar sumarið 1994.

Í rafveiðunum 1993 fannst reitingur af 2+ seiðum úr sleppingu frá 1991 á svæðinu frá Hrappstöðum fram að Öxná. Þessi seiði hafa öll gengið út sumarið 1994. Sumarið 1993 var aftur sleppt á þetta svæði 5700 mjög vænum sumaröldum seiðum. Lítið fannst af þessum seiðum í rafveiðunum 1994. Einungis tvö seiði veiddust á stað 2 og ekkert á veiðistöðum 1,3 og 4, en þar var veitt á 500-600 m² svæði á hverjum stað. Líklegast hafa þessi seiði flest gengið út sumarið 1994. Stór hluti svipaðrar sleppingar í Núpsá 1993 gekk til sjávar sem 1+ seiði sumarið 1994.

Svo virðist því sem gönguseiðaframleiðsla af ólaxgengum svæðum Víðidalsár hafi orðið góð 1994 og mun betri en gert hafði verið ráð fyrir eftir athuganirnar 1993.

Sumarið 1994 var sleppt 20500 sumaröldum seiðum 8. júlí á um átta km langan kafla í Víðidalsá, frá Bakka og sem næst fram að Öxná. Seiðin voru frekar smá miðað við árstíma, tæplega 1.8 g að meðaltali og flest á bilinu 4.5-6 cm löng. Þau voru hinsvegar mjög spræk og sleppingin gekk vel og hratt fyrir sig.

Þrátt fyrir mjög gott sumar og haust 1994 er líklegt að einungis lítt hluti þessarar sleppingar nái göngubróska sumarið 1995 og því mun draga verulega úr göngu-seiðaframleiðslu ólaxgenga svæðisins það ár. Þetta er afleiðing líttillar sleppingar 1993 sem og tiltölulega smárra sleppiseiða 1994.

Fitjá

Af þeim 7500 seiðum sem sleppt var í Fitjá frá Gilsbakka og fram eftir ánni árið 1992 virðast flest hafa gengið til sjávar 1994. Mest fannst af seiðum úr þessari sleppingu við Gilsbakka (staður -1) en þar höfðu seiðin verið í samkeppni við seiði úr sleppingu 1991 og því vaxið heldur ver en seiðin ofar í ánni þar sem flest seiði sem fundust úr sleppingunni frá 1992 voru kynþroska hængseiði.

Sumarið 1993 var sleppt 3600 seiðum á um 2.5 km kafla fyrir framan Bjarnarfoss. Þessi seiði höfðu dafnað vel (staðir -1 og 0, Mynd 3) og náð heldur meiri stærð en seiðin sem sleppt var í gilið fyrir neðan Bjarnarfoss á sama tíma. Þó ber að hafa í huga að seiði þar eru eitthvað blönduð náttúrulegum 2+ seiðum (staðir 1-3, Mynd 3). Gera má ráð fyrir að þessi seiði gangi flest út sumarið 1995.

Þrátt fyrir hve litlu hefur verið sleppt í Fitjá hefur gönguseiðaframleiðsla svæðisins að líkindum orðið sæmileg 1994, en þó töluvert minni en svæðið býður upp á. Líkur eru á að hún muni minnka enn sumarið 1995.

Seiði sem sleppt var í Kambsá 1991 munu hafa gengið út sumarið 1993 fyrir utan örfá hængseiði sem urðu kynþroska þá um haustið og gengu út sumarið 1994.

Sumarið 1994 var sleppt 6. júlí 10500 seiðum í Fitjá á um 5.5 km kafla, frá Gilsbakka og um 1 km fram fyrir skála. Seiðin voru frekar smá, 1.0-1.1 g að meðaltali og flest 4.0-5.5 cm löng.

Þá var einnig sleppt um 4000 seiðum í Kambsá á sama tíma á um 4 km kafla frá túngirðingunni á Kambshóli og fram eftir ánni. Seiðin voru orðin mjög slöpp þegar sleppt var, einkum þau sem síðast fóru (næst Kambshóli).

Ályktanir

Athuganir benda til að gönguseiðaframleiðsla í Víðidalsá hafi orðið góð sumarið 1994, jafnt á laxgengum sem ólaxgengum svæðum. Gönguseiðaframleiðsla í Fitjá varð hinsvegar fremur lítil á ólaxgengum svæðum og mjög óveruleg í Kambsá. Eins varð gönguseiðaframleiðsla í gillinu á laxgenga svæðinu í Fitjá, allt niður að Fremri Fitjum, rýr. Þar fyrir neðan virðist gönguseiðaframleiðsla hinsvegar hafa orðið góð.


Í heildina má gera ráð fyrir að gönguseiðaframleiðsla hafi orðið nokkuð góð þó hún hafi verið misjöfn milli svæða. Mikilvægt er að framboð af vænum smáseiðum til sleppinga á ólaxgeng svæði verði tryggt sem kostur er. Verði áframhaldandi misbrestur þar á þarf að endurskoða þá stefnu sem ríkt hefur í ræktunarmálum síðasta áratuginn og e.t.v. taka upp hrognagröft og/eða flutning lifandi klakfisks á ólaxgeng svæði.

Gott tíðarfar 1994 og vísbendingar um góð fæðuskilyrði á uppeldisslóðum laxins í sjó gefa vonir um að smálaxagöngur verði aftur góðar sumarið 1995. Þrátt fyrir litla smálaxaveiði sumarið 1994 eru miklar líkur á að stórlaxaveiði sumarið 1995 verði góð. Laxveiði í Víðidalsá og Fitjá 1995 ætti því ekki að verða síðri en í meðalári og líklega verður hlutfall smálaxa og stórlaxa nokkuð jafnt.


Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri á mismunandi stöðum í Víðidalsá og Fitjá í rafveiðum 5.-9. júlí 1994. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Stöð nr. Víðidalsá	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²				
		0+	1+	2+	3+	4+
B	50x20	-	-	1.5	-	-
C	80x6	-	-	1.0	-	-
0	60x12	-	-	1.1	-	-
1	60x8	-	-	-	-	-
2	50x10	-	0.4	-	-	-
3	60x10	-	-	-	-	-
4	65x8	-	-	-	-	-
5	40x10	-	1.3	7.0	5.3	-
6	40x10	0.3	7.3	3.8	1.8	-
8	30x15	2.0	7.8	6.7	2.0	1.1
9	30x12	0.6	11.9	1.9	0.3	-
10	50x7	-	10.0	6.0	2.9	-


Stöð nr. Fitjá	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²				
		0+	1+	2+	3+	4+
-4	50x12	-	-	0.2	-	-
-3	40x12	-	-	0.8	-	-
-2	25x20	-	-	2.2	-	-
-1	70x15	-	1.2	-	-	-
0	30x15	-	0.9	-	-	-
1	30x18	-	1.9	-	-	-
2	70x7	-	4.3	-	-	-
3	50x25	-	1.1	-	-	-
4	35x12	-	3.8	-	4.8	-
5	40x12	-	9.8	1.7	1.3	-
6	50x11	-	7.1	0.7	3.6	0.4
7	30x10	1.7	15.7	2.0	2.7	-
8	35x10	0.3	22.6	-	7.7	-
9	40x8	4.1	13.8	8.4	3.4	-



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Víðidalsá og Fitjå.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Víðidalsá í rafveiðum 5.-9. júlí 1994.



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fitjá í rafveiðum 5.-9. júlí 1994.

SALMON STOCKS IN RIVER VÍÐIDALSÁ 1994

Introduction

The summer of 1994 in northern Iceland was exceptionally warm and sunny, following a succession of cold and miserable summers. The spring was possibly somewhat colder than normal, but the autumn was also very good. The climatic conditions in 1994 favoured all life in the rivers, not least the juvenile salmon which are near the top of the food pyramid in the northern salmon rivers. Unfortunately the dividends of this will only start becoming apparent in 1995 as far as the anglers are concerned.

The summer of 1993 on the other hand was exceptionally cold and one needs to go back as far as 1979 and 1983, the two coldest summers in northern Iceland this century, to find a comparable summer. The prevailing conditions in 1993 made their mark on the adult runs in 1994, especially the grilse run. Generally though, the salmon stocks in Rivers Víðidalsá and Fitjá are very healthy and the poor catches in 1994 are likely to stand out as an isolated event rather than the beginning of a new downward trend.

The fishery in 1994

A total of 595 salmon were caught by anglers in 1994. Of these 190 were grilse, that is adults returning to spawn after one year in the sea, and 405 were mainly 2 sea-winter (2SW) salmon. The total catch was the lowest on record in the last two decades and probably even much longer than that. The average catch in Víðidalsá during the 20 year period 1974-1993 is 1276.

During this period the grilse catch has twice been lower than in 1994 though, in 1980 and 1984 when it was 103 and 76 respectively. In this context the 190 grilse caught in 1994 does not look quite so bad and it does reflect the generally healthy state of the salmon stocks in the rivers and the progress that has been made in salmon propagation during this time.

The average weight of the grilse was very low, only 2.3 kg and has only once been recorded lower. That was in 1984 when it was 2.2 kg. The average grilse weight in 1980 was similarly also very low at 2.4 kg. Víðidalsá is renowned for its large grilse and the largest recorded average weight was 3.3 kg in 1977 and 1986 (43% greater than in 1994).

The average weight of 2SW salmon in 1994 on the other hand was the largest on record in the last two decades at 6.7 kg. It was lowest during this period in 1983 at 5.8 kg. The fluctuation in the average weight of the 2SW salmon is much less than for the grilse, both in absolute terms and especially in relative terms. The large 2SW salmon now reflects improved conditions on the feeding grounds for the salmon, while the small size of the grilse was brought about by a very late out migration of smolts in 1993 due to the cold summer.

Small grilse size is generally associated with a high proportion of the smolt year class staying one more year in the sea before returning to its native river to spawn. This tendency would be reinforced by good feeding conditions for the salmon in the sea. We can therefore expect the number of 2SW salmon which will be caught in 1995 to be 3-5 times that of the grilse caught in 1994.

Status of juvenile stocks

A survey of the distribution, density and growth of juvenile salmon indicates that the smolt production in Víðidalsá in areas where salmon reproduce naturally was much higher in 1994 than in 1993. This is mostly due to the year class which hatched in 1991. This year class should also contribute substantially to the smolt production in 1995.

The smolt production in areas stocked by hatchery reared juveniles made a major contribution to the smolt production in 1993 and appears to have been quite good again in 1994 due to shorter than expected residence time of the juvenile stocked high up in the catchment in 1992 and in a 5 km stretch above Kolufoss in 1993.

The situation in Fitjá is more variable. There the nursery areas above impassable falls have not received adequate stockings to produce smolts optimally in 1994, although the area probably made a significant contribution to the overall smolt production this year. Very few smolts left Kambsá in 1994, but this small tributary offers good nursery areas which were not utilized fully after the out migration of smolts from there in 1993. Part of the river was restocked in 1994.


Natural recruitment has been very poor in the top 4 km stretch accessible to ascending salmon and the smolt production there was poor in 1994, but is expected to pick up again in 1995 due to stocking of this stretch in 1993. The lower two-thirds of the river though, from Fremri Fitjar to the confluence with Víðidalsá, appear to have had a very good smolt production in 1994 and the outlook remains good for 1995.

Conclusion

The salmon stocks in Rivers Víðidalsá and Fitjá remain strong in spite of the poor catches in 1994, which can be largely attributed to climatic factors. On the basis of the small grilse size in 1994 and indications of improved oceanic conditions, as manifested by the largest average 2SW salmon on record in the last two decades, good salmon catches are predicted for next year. A favourable summer in 1994 together with generally healthy juvenile stocks produced a good smolt out migration in 1994 which is indicative of a good grilse run 1995.

I therefore firmly expect the catch to be above average in 1995, with a fairly even proportion of 2SW salmon and grilse.

Tumi Tómasson
fisheries biologist,
December 1994



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám hennar í rafveiðum 26.-29 júní 1994.